

SFR
b.t. Árna Stefáns Jónssonar
Grettisgötu 89
105 Reykjavík

7. maí 2003

Varðar: bætur skv. kjarasamningsákvæði 7.3.1 vegna tjóns á gleraugum

Með bréfi, dags. 29. apríl sl. óskaði SFR eftir álitum réttindanefndar BSRB vegna ágreinings um bætur vegna tjóns á gleraugum sem félagsmaður varð fyrir.

Réttindanefnd fjallaði um málið á fundi sínum þann 2. maí sl. Álitamál er hvenær túlka eigi óhapp af gáleysi en staðreyndin er sú að í þessu tilviki þá eyðilögðust gleraugu viðkomandi starfsmanns þegar hann var að sinna störfum sínum. Réttindanefnd lítur svo á að um hreint óhappatilvik hafi verið að ræða og mælist til þess að starfsmaðurinn njóti vafans og honum bætt tjónið.

f.h. réttindanefndar BSRB

Erna Guðmundsdóttir, hdl.